




## Birting einkunna og prófsýning

Stefnt er að því að einkunnir verði aðgengilegar í upplýsingakerfinu klukkan 20.00 fimmtudaginn 19. desember. Aður en einkunnir birtast verður haft samband við nemendur sem ekki ná tilskyldum lágmarksfjölda áfanga. Hringt verður í foreldra nemenda sem ekki eru orðnir 18 en þeir nemendur sem náð hafa 18 ára aldri taka sjálfir við skilaboðunum. Prófsýning fer fram föstudaginn 20. desember milli 11.00 og 12.30. Nemandi sem fellur í áfanga er sjálfkrafa skráður í endurtektarpróf í janúar og fær hann prófurlausn sína í þeim áfanga senda í tölvupósti.



## Jólaballið

Jólaballið sem haldið var í Gullhömrum síðastliðinn mánudag er að mati starfsmanna eitt best heppnaða ball undanfarinna missera. Ballgestir voru rétt um 1000 og af þeim blésu 458 í áfengismæla sem þýðir að rétt um 46% nemenda kaus að neyta ekki áfengis. Við erum mjög ánægð með hversu margir nemendur velja að skemmta sér án áfengis. Ballið heppnaðist að sama skapi vel og var einstaklega góð stemning á því allt til enda.



## Jólaleyfi og ný önn

Skólanum verður lokað 20. desember klukkan 16.00 og hann opnaður aftur mánudaginn 6. janúar klukkan 8.00. Skrifstofan verður opin frá klukkan 10.00 vegna fundahalda.

Fyrsta skóladað, mánudaginn 6. janúar, mæta nemendur í sínar heimastofur klukkan 10.15. Útbúin

verður sérstök stundaskrá er fyrir daginn þar sem allir nemendur hitta kennara sína og farið verður yfir skipulag náms á önninni og markmið hvers áfanga. Bóksalan verður opin þennan dag og þar verða til sölu hefti og verkefnabækur sem ekki eru seldar annars staðar.

## Fall í áfanga

Því miður gerist það á hverju ári að nemendur ná ekki þeim kröfum sem til þeirra eru gerðar í áföngum og þá er mikilvægt að þeir og foreldrar þeirra kynni sér vel hvaða reglur eiga við þegar nemandi fellur í áfanga. Í meginatriðum gerist eftirfarandi:

Nemendur í dagskóla sem falla á haustönn (desember) verða að endurtaka áfangann og verða próf haldin í janúar. (Nemendur geta ráðið því hvort þeir taka janúarprófin eða ekki. Hins vegar er hér um að ræða "tækifæri" númer 2 hjá nemendum hvort sem þeir taka prófið eða ekki). Þeir sem falla aftur geta þá tekið áfangann í þriðja sinn í fjarnámi VÍ og verða próf haldin í maí.

Nemandi má að hámarki endurtaka 3 áfanga. Falli hann í fleirum en þremur áföngum þá telst hann fallinn á árinu. Ef nemandi fellur þrisvar í sama áfanga telst hann endanlega fallinn. (Unnið úr skóla-reglum á netinu.)

Mælt er eindregið með því að nemendur nýti sér endurtekningarprófin í janúar og losi sig við falláfanga sem fyrst. Prófin verða 8. - 10. janúar og eru nemendur sjálfkrafa skráðir í þau. Próftafla með nákvæmri niðurröðun prófa verður auglýst síðar á heimasíðu skólans.

Þeir sem endurtaka áfanga í fjarnámi þurfa að skrá sig sérstaklega í þá á fjarnámsvefnum ([www.verslo.is/fjarnam](http://www.verslo.is/fjarnam)) fyrir 20. janúar.